

Mánudaginn 28. marz 1938.

Nr. 79/1937. Tryggingarstofnun ríkisins

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Snorra Jónssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Kviðslit eigi talið slys, er Tryggingarstofnun ríkisins sé skylt að bæta.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 14. ágúst f. á. krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnds, og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu stefnds, sem fengið hefir gjafsókn og sér skipaðan talsmann, er þess hinsvegar krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Þá krefst og talsmaður stefnds málflutningslauna sér til handa í héraði og fyrir hæstarétti.

Líkamsmein það, sem stefndi krefst slysabóta fyrir í máli þessu, tjáir hann hafa borið að með þeim hætti, að hann hafi átt leið upp stiga úr lest skipsins „Maí“ þann 27. júlí 1936 í sambandi við uppskipunarvinnu sína á skipinu og hafi sér þá skrikað fótur af stigarim, þegar hann ætlaði að vega sig upp á karm lestaropsins. Við þetta hafi sig tekið í kviðinn og hann fundið til allmikils sársauka, en samt hafi hann haldið áfram starfi sínu, það sem eftir var vinnudagsins. Þegar hann gekk til rekkju

um kvöldið, hafi hann séð gúl á vinstra nára, sem þó hafi horfið, er hann lagðist fyrir. Tveimur dögum seinna, eða þann 29. s. m., leitaði stefndi læknis, sem gerði með uppskurði að meini hans þann 4. ágúst s. á., eftir að hafa sannreynt, að hér var um náراكviðslit að ræða.

Þegar lítið er til þess, að áreynsla sú, sem stefndi tjáist fyrst hafa kennt kviðslitsins í sambandi við, hvorki var óvenjuleg né svo mikil, að búast hefði mátt við, að óbilaður maður hefði af hlotið líkamsmein, og þegar þess er enn fremur gætt, að upplýst er, að raunfróðir læknar telja langflest náراكviðslit vera annaðhvort meðfædd eða myndast smátt og smátt, án þess að þeir, sem veila þessi býr með, verði hennar varir fyrr en hún skyndilega kemur fram, oft við lítið tilefni eða jafnvel án sérstaks tilefnis, þá verður ekki álitíð, að kviðslit stefnds sé til komið fyrir slys, sem bótaskyldt sé samkvæmt 9. gr. laga nr. 26 frá 1936. Verður þess vegna að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnds í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun hins skipaða talsmanns stefnds í héraði og fyrir hæstarétti, er ákveðast kr. 180.00, greiðast úr rikissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Tryggingarstofnun ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnds, Snorra Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnds í héraði og fyrir hæstarétti,

hæstaréttarmálflutningsmanns Einars B. Guðmundssonar, kr. 180.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er, að fengnu gjafsóknarleyfi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. marz 1937 af hrm. Einari B. Guðmundssyni hér í bæ f. h. Snorra Jónssonar, verkamanns á Akureyri, gegn Tryggingarstofnun ríkisins hér í bænum til greiðslu læknis og sjúkrahúskostnaðar, ásamt dagpeningum, samtals að upphæð kr. 253.85, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndur, Tryggingarstofnun ríkisins, krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi tjáir, að 27. júlí 1936 var hann að vinna við uppskipun kola úr gufuskipinu Mai, sem þá lá á Akureyrarhöfn. Stefnandi var þarna í þjónustu Kaupfélags Eyfirðinga og var slysa-tryggður af því hjá Tryggingarstofnun ríkisins. Á meðan á uppskipuninni stóð var stefnandi eitt sinn á leið upp lestarstigann. Er hann var að fara yfir lestarkarminn, kveðst hann hafa þurft að teygja vinstra fót allmikið, en um leið hafi sér skrikað fótur í stiganum. Við þetta hafi sig tekið í kviðinn og jafnframt hafi hann fundið allmikið til. Stefnandi hélt þó áfram við vinnu sína til kvölds. Þegar hann háttaði um kvöldið, sá hann gúl í vinstra nára, sem þó hvarf, er hann lagðist út af. Hinn 29. júlí leitaði stefnandi til Péturs Jónssonar, læknis á Akureyri, vegna „bólgu“ í vinstri nára, sem síðar reyndist kviðslit, en svo virðist sem læknirinn hafi ekki séð, að um það væri að ræða fyrr en 31. júlí. Segir læknirinn m. a. í vottorði, er hann hefir gefið um ástand stefnanda: „Var hann (þ. e. stefnandi) það slæmur af þessu, að hann réðist í að láta gera að sér skurð 4 dögum seinna . . .“ Læknirinn gerði síðan við kviðslitið með skurðaðgerð 4. ágúst og taldi hann stefnanda orðinn jafngöðan 21. ágúst 1936.

Stefnandi var, eins og áður segir, tryggður hjá Tryggingarstofnun ríkisins við vinnu sína, er hann varð fyrir

áfallinu. Taldi hann henni því skylt að greiða sér lækni- og sjúkrakostnað, ásamt dagpeningum, en þegar því var neit- að, höfðaði hann mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur.

Tryggingarstofnunin byggir sýknukröfu sína á því, að kviðslit stefnanda stafi ekki af slysi, heldur hafi verið um sjúkdóm að ræða, og beri henni því ekki skylda til að greiða stefnanda hina umkröfðu upphæð.

Í vottorði Péturs Jónssonar læknis, dags. 20. nóv. 1936, segir svo um þetta atriði: „... Tel ég ekki hægt að efa, að kviðslitið hafi myndast við þetta áfall (þ. e. þegar stefnanda skrikaði fótur í lestarstiganum), því sjaldan er hægt að fá öllu ákveðnari orsök fyrir kviðsliti. Að veilan hafi búið í honum, er harla ólíklegt, þar sem maðurinn er á bezta skeiði (hann var 46 ára) og vöðvar ekkert farnir að rýrna, en hinsvegar, ef um meðfædda veilu væri að tala, þá hefði kviðslitið átt að koma fram löngu fyrr. — Það er að minnsta kosti víst, að Snorri hefir aldrei kvartað um kviðslitsþægindi fyrr en 27. júlí s. l. strax eftir að hann varð fyrir áfallinu.“

Þá hefir og verið lögð fram álitsgjörð frá lækni Tryggingarstofnunar ríkisins, Sigurði Sigurðssyni berklayfir-lækni, og er hún dagsett 22. marz 1937. Hefst álitsgjörðin á því, að lækni-rinn skilgreinir hugtakið slys. Síðan skýrir hann frá, að það muni almennt viðurkennt af læknum, að langflest nárákviðslit myndist hægt og hægt, enda sé mikill fjöldi þeirra meðfæddur. Oft geti litið svo út, að kviðslit, sem komið hafi smátt og smátt, komi fram skyndilega. Geti í þeim tilfellum verið, að kviðslitið hafi verið myndað eða jafnvel komið fram, en eitthvert lítilfjórlegt tilefni orðið til þess að viðkomandi varð þess var. Telur lækni-rinn kviðslit stefnanda til komið á þann hátt, að það sé myndað af sjúkdómi, en hafi aðeins komið fram við þetta „lítilfjórlega“ tilefni. Slík myndun kviðslita sé og mörgum sinnum algengari en myndun þeirra við slysfarir. Þetta kveður lækni-rinn, að sé orsök þess, að slysa-tryggingar á Norðurlöndum og í Þýzkalandi hafi sett ströng skilyrði fyrir því, að kviðslit teljist bótaskyld. Síðan telur hann hin helztu þeirra. Þá fer hann nokkrum orðum um áfall stefnanda og segir loks: „... og samkvæmt þeirri greiningu, er almennt er notuð um slys og sjúkdóma, mun

enginn vafi geta leikið á því, að hér sé um sjúkdóm, en eigi slys, að ræða. . . .“

Þessa álitsgerð fékk Pétur Jónsson til umsagnar og svarar hann henni með umsögn dags. 29. apríl 1937. Telur hann umrætt áfall einkar líklegt til að hafa valdið kviðslitinu, þótt engin veila væri fyrir, enda telur hann kviðslit þetta uppfylla öll skilyrði, er Sig. Sigurðsson telji slysatryggingar setja fyrir því, að kviðslit sé bótaskyld.

Þessi umsögn var send Sigurði Sigurðssyni. Svarar hann henni 11. maí 1937 og telur enn, að kviðslit stefnanda uppfylli ekki þau skilyrði, að það verði talið slysa-kviðslit, heldur stafi það af sjúkdómi og sé því ekki bótaskyld.

Loks hafa umsagnir nefndra lækna verið sendar prófessor Guðmundi Thoroddsen til umsagnar. Felst hann í öllum atriðum á það, sem Sigurður heldur fram, og segir að lokum svo í umsögn sinni, sem dagsett er 25. maí 1937: „.... mér þykir sjúkdómslýsingin bera það með sér, að ekki geti verið um „slysa-kviðslit“ að ræða eftir því, sem þau eru skilgreind í fræðibókum.“

Slysatrygging ríkisins hafa ekki verið settar neinar reglur um það, hvenær kviðslit skuli teljast slysa-kviðslit og bótaskyld og hvenær ekki.

Því er ekki neitað í málinu, að kviðslit stefnanda hafi komið fram við áður nefnt áfall, enda þótt Sigurður Sigurðsson og Guðmundur Thoroddsen telji, að það muni hafa verið myndað að mestu eða öllu leyti áður, og þar eð ekki liggja fyrir sannanir um, að það hafi verið myndað áður, og áfall það, er stefnandi varð fyrir, var að áliti læknis þess, sem stundaði hann, nægilegt til að valda kviðslitinu, þá þykir verða að taka dómkröfur stefnanda í máli þessu til greina. Að visu veita umsagnir læknanna Sigurðar Sigurðssonar og Guðmundar Thoroddsen líkur fyrir því, að stefnandi hafi haft a. m. k. hneigð (Anlæg) til kviðslits fyrir áfallið, en þær verða þó með engu móti taldar sönnun fyrir því, og ber stefndum því að bæta stefnanda slysið með þeirri upphæð, er hann krefst án nokkurrar lækkunar, enda hefir réttmæti upphæðarinnar út af fyrir sig ekki verið vefengt. Vaxtakrafan verður og tekin til greina skv. kröfu stefnanda. Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefndan til að greiða kostnað

af málinu, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 100.00. Þar af renni kr. 35.00 í ríkissjóð, en kr. 65.00 til stefnanda.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Tryggingarstofnun ríkisins, greiði stefnandanum, Einari B. Guðmundssyni f. h. Snorra Jónssonar, kr. 253.85 með 5% ársvöxtum frá 1. marz 1937 til greiðsludags. Í málskostnað greiði stefndur samtals kr. 100.00. Renni kr. 35.00 af málskostnaðinum í ríkissjóð, en kr. 65.00 til stefnanda sjálfs.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri að för að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1938.

Nr. 48/1937. **Réttvísir** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Jóni Halldórssyni (Jón Ásbjörnsson).

Ákæra um þjófnað, svik og vanrækslu í sýslun.

Dómur hæstaréttar.

Ákæruatriðin á hendur ákærða í máli þessu eru þrjú:

I. Að hann sé valdur að hvarfi 2000 króna úr sjóði Ágústs J. Johnson sparisjóðsgjaldkera, 27.—28. jan. 1936.

II. Að hann sé valdur að hvarfi 1000 króna úr bundnu og innsigluðu seðlabúnti, er í áttu að vera 25000 krónur í 100 kr. seðlum, og er þá brot þetta talið hafa verið framið 13.—15 nóvember 1935.

III. Að hann hafi gerzt sekur um refsiverða vanrækslu í starfi sínu sem aðalféhirðir Landsbankans síðan 2. okt. 1934, er hann tók við því starfi.